

Til stjórnar Faxaflóahafna sf.

Tryggvagötu 17,

101 Reykjavík



Hafnarfirði, 2. júní 2014

Umsókum um aðstöðu til að leigja til ferðamanna Robstep tæki.

Staðsetning gæti verið á mótum Miðbakka og Austurbakka, á Geirsgötuplaní eða við Ægisgarð. Starfsemin er hreinleg og þarf 5-10 fm hús og rafmagnstengingu. Hugmyndin er að nota bjálkahús eða sambærilegt, í lit sem fellur að umhverfinu og endanlegri staðsetningu.

Tækin sem um ræðir eru stundum kölluð „mini seagway scooter“ og ná 15 km hraða á klst. og flokkast sem reiðhjól samkvæmt upplýsingum frá Umferðastofu. Algengur leigutími var frá 20 mín og allt að 1 klst. Tækin henta jafnt fullorðnum og börnum. Reynsla síðasta sumars var sú að erlendir ferðamenn með börn voru lang flestir viðskiptavina okkar. Afþreying fyrir börn í fylgd með fullorðnum virðist vera mjög takmörkuð í og við miðborgina.

Umsækjandi er félagið Bjartar sólir ehf, kt. 650213-1650, Flatahrauni 1, 220 Hafnarfirði. Félagið er með vsk númer, ferðaskipuleggjandaleyfi og tryggingar. Starfsemin gæti hafist strax ef umsókninni er tekið jákvætt.

Frekari upplýsingar eru hjá Elenu 823-1936 elenaorlova@yahoo.it eða Knúti, 692-8027, knutur@aflbinding.is. Einnig www.facebook.com/robstep.is og www.robstep.is

Með von um gott samstarf,

Elena og Knútur

Two handwritten signatures are shown. The first signature on the left is "Elena" and the second signature on the right is "Knútur". Both signatures are written in cursive script over their respective typed names.









